

Samband íslenskra sveitarfélaga  
Borgartúni 30  
Pósthólf 8100  
128 Reykjavík



Reykjavík, 12. maí 2017

Til stjórnar og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Velferðarvaktinni er m.a. falið samkvæmt skipunarbréfi að „...huga að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megi úr henni“.

Velferðarvaktin hefur á síðustu árum lagt áherslu á að sveitarfélög haldi kostnaði heimila vegna skólasóknar barna í lágmarki í þeim tilgangi að koma til móts við þá sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu. Þannig komi bágur efnahagur heimilisins síður niður á námi og lífi barna.

Velferðarvaktin hefur átt gott samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga varðandi þessi mál og óskaði á síðasta ári eftir því að sambandið kallaði eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um kostnaðarþátttökuna. Upplýsingaöflun sambandsins hjá sveitarfélögum leiddi í ljós að árleg kostnaðarþátttaka grunnskólanema var misjöfn eftir skólum og var frá 400 og upp í 22.300 kr. á nemanda skólaárið 2015–2016. Í framhaldinu sendi sambandið ábendingu til skólanefnda og skólaskrifstofa um kostnað vegna námsgagna þar sem þeim tilmælum var beint til þeirra að kanna framkvæmd þessara mála í sínu sveitarfélagi.

Hinn 9. ágúst sl. sendi Velferðarvaktin hvatningarbréf til sveitarstjórna, skólanefnda, skólaskrifstofa og skólastjóra um að leggja kostnaðarþátttöku foreldra vegna ritfangakaupa barna af eða halda henni í lágmarki. Í hvatningarbréfinu var bent á að samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur var hér á landi 20. febrúar 2013 og er nú hluti af íslenskri löggjöf, eiga börn rétt á ókeypis grunnenntun. Þar segir m.a. í 28. gr. „*Aðildarríki viðurkenna rétt barns til menntunar og skulu þau, til þess að réttur þessi nái fram að ganga stig af stigi og þannig að allir njóti sömu tækifæra, einkum:* a) *Koma á skyldu til grunnenntunar sem allir geti notið ókeypis.*“ Einnig var bent á að skv. 31. gr. grunnskólalaga skal skyldunám vera veitt að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða foreldra þeirra um greiðslu fyrir kennslu, þjónustu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu. Þar er einnig lagatexti sem stuðst hefur verið við varðandi kostnaðarþátttöku foreldra: „*Þó er opinberum aðilum ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír.*“

Velferðarvaktin kom því á framfæri í hvatningarbréfinu að kostnaðarþátttaka foreldra, vegna ritfanga og annarra gagna vegna skólagöngu barna, upp á tugi þúsunda kr., samrýmist hvorki anda barnasáttmálans né grunnskólalaganna og hvatti öll sveitarfélög landsins til að leggja slíka kostnaðarþátttöku af eða haldi henni í algjöru lágmarki.

Velferðarvaktin hefur fengið formleg viðbrögð við hvatningarbréfinu frá einstaka sveitarfélögum, en þau eru Dalabyggð, sveitarfélagið Vogar, Hveragerðisbær, Grýtubakkahreppur og Fljótsdalshérað.

Einnig hafa a.m.k. tvö sveitarfélög, Kópavogsbær og Akureyrarbær, svarað fjölmiðlum til um sín áform og óskir í þessum efnum. Sveitarfélagið Vogar kom því á framfæri í svari við hvatningarbréfinu að frá 2006 hafi sveitarfélagið boðið grunnskólanemum upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir.

Á fundi Velferðarvaktarinnar 4. maí sl. var samþykkt að senda Kristjáni Þór Júlíussyni, mennta- og menningarmálaráðherra, tillögu um að hann beiti sér fyrir endurskoðun á 31. gr. grunnskólalaga og þá sér í lagi þeim hluta greinarinnar sem sveitarfélög hafa stuðst við varðandi ákvörðun um kostnaðarþátttöku grunnskólanema (sjá fylgiskjal).

Á fundinum var einnig ákveðið að óska eftir því að sambandið gerði nýja könnun meðal sveitarfélaganna áður en næsta skólaár hefst haustið 2017. Í þeirri könnun yrði óskað eftir upplýsingum um:

- a) Hvaða sveitarfélög útvega grunnskólanemendum ritföng og önnur skólagögn þeim að kostnaðarlausu, en samkvæmt upplýsingum Velferðarvaktarinnar voru a.m.k. fjögur sveitarfélög sem stóðu þannig að málum á síðasta ári, þ.e. Ísafjarðarbær, Sandgerðisbær, Mýrdalshreppur og Borgarfjarðarhreppur.**
- b) Hvaða sveitarfélög hafa í hyggju að afnema kostnaðarþátttöku grunnskólanema á næsta skólaári sem hefst í haust?**
- c) Hvaða sveitarfélög hafa í hyggju að lækka kostnaðarþátttöku grunnskólanema á því skólaári sem hefst í haust?**

Velferðarvaktin lýsir sig reiðubúna að aðstoða sambandið við gerð framangreindrar könnunar meðal sveitarfélaganna gerist þess þörf.

Virðingarfyllt,

Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar